FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Framkvæmdir og vinnuvernd
Námsgrein:	Framkvæmdir og vinnuvernd
Viðfangsefni:	Fagbóklegt
Skammstöfun:	FRVV1FB05
Þrep:	1
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er fjallað um bygginga- og mannvirkjagerð með áherslu á verkferli og öryggismál. Nemendur læra um undirbúning og upphaf framkvæmda, hlutverk og ábyrgð einstakra fagstétta, skipulag og stjórnun á vinnustað, samstarf og samskipti, áætlanagerð og gæðastýringakerfi. Kennd er rétt líkamsbeiting, notkun hlífðarbúnaðar, meðferð hættulegra efna, umgengni við rafmagn og farið yfir notkun hjálpartækja og búnaðar við mismunandi verk. Að lokum er gerð grein fyrir námsleiðum í bygginga- og mannvirkjagreinum á framhalds- og háskólastigi.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • öryggismálum á vinnustað, meðhöndlun hættulegra efna, slysum af völdum rafmagns og vörnum gegn þeim • gerð og notkun algengasta hjálparbúnaðar í byggingariðnaði • gerð og notkun búkka og stiga við mismunandi störf • uppbyggingu og öryggisatriðum mismunandi verkpalla • varúðarráðstöfunum í óloknum byggingum og mannvirkjum • grunnþáttum áætlanagerðar og gæðastýringarkerfis • hefðbundnu byggingaferli frá hugmynd til lokaúttektar • grundvallaratriðum laga og reglugerða um skipulags- og byggingarmál • hugtakinu vistvæn byggingarstarfsemi • stíl- og fagurfræði bygginga og mannvirkja • grunnatriðum gæðastjórnunar og verkskipulags , grundvallaratriðum hollustuhátta og vinnuverndar • orsökum og afleiðingum algengra vinnuslysa; skipulagi öryggismála og fyrirbyggjandi aðgerðum; lögum og reglugerðum um vinnuvernd og öryggismál • aðferðum til að gera úttektir á öryggismálum vinnustaða • réttindum og skyldum iðnaðarmanna varðandi öryggismál • grunnatriðum og hugtökum sem tengjast virkni rafbúnaðar • reglum um umgengni og umhirðu rafbúnaðar, grundvallaratriðum í samningum og lögum um ráðningu starfsfólks og slysatryggingar
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nota rétta líkamsbeitingu og viðeigandi hlífðarbúnað í starfi

	• velja og nota viðeigandi hjálparbúnað • umgangast rafmagn og rafmagnstæki á byggingavinnustöðum • skipuleggja mismunandi verkþætti /verkferla
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • veita slösuðum eða veikum einstaklingi fyrstu hjálp á vettvangi • framkvæma frumskoðun og mat á slösuðum einstaklingi • meta og bregðast rétt við áverkum og sárum s.s. við beinbrot og bruna • sinna minniháttar tengingum og fyrirbyggjandi viðhaldi • fylgja eftir gæðastýringu/eftirliti
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.